



## Verkfall skollið á hjá flugmönnum Icelandair Group hf. / Icelandair ehf.

Ágætu félagsmenn

Eins og öllum er ljóst er staða samningamála komin á alvarlegt stig. Viðsemjendur okkar hafa ekki sýnt neina viðleitni til að koma til móts við kröfur okkar og halda sig fast við 2,8% hækkun. Þó er það ljóst að sú stefna hefur fyrir löngu beðið skipsbrot, nú síðast með samningum framhaldsskólakennara við ríkið og nátturufræðinga við sveitafélögin. Framundan eru krefjandi tímar og það mun reyna verulega á samtakamátt okkar. Hér eru nokkur mikilvæg atriði sem rétt er að hafa í huga. Það þarf að sjálfsögðu ekki að taka fram að þessi listi er ekki tæmandi:

- Stjórnendur félagsins hafa hækkað verulega í launum á síðustu árum á sama tíma og þeir bjóða starfsmönnum sínum 2,8% hækkun launa.
- Ávöxtun hluthafa síðustu fjögur ár er ævintýrleg.
- Gríðarlega sterk fjárhagstaða fyrirtækisins eftir góðan vöxt undanfarin ár. Eiginfjárlutfall félagsins var 42% um áramót.



- Icelandair Group hagnaðist um 6,5 milljarða (56,4m.USD) á síðasta ári.
- Félagið á 30 milljarða (260m.USD) í lausu fé en skuldar um 10,8 milljarða (94m.USD).
- Kaup á 16 B737 MAX vélum eru fjárfesting til langs tíma.
- Flugmenn hjá samkeppnisaðilum okkar í Atlantshafsflugi eru á mun hærri launum en flugmenn Icelandair.
- Spáð er gríðarlegum vexti í ferðaðþjónustu á Íslandi. Það er því verulega bjart framundan í rekstri.
- Flugnám í dag tekur um þrjú ár og kostar 14-16 milljónir. Við ráðningu er algengt að flugmenn skuldi slíkar


fjárhæðir. Icelandair tekur á engan hátt þátt í kostnaði við námið.

- Vinna allt árið er ekki í boði fyrir nýráðinn flugmann. Erfitt er að fá vinnu í skamman tíma, því setur þessi staða allt heimilishald þessara einstaklinga úr skorðum.
- Grunnlaun flugmanns er um 416 þúsund krónur á mánuði sem er langt frá því sem haldið er á lofti í fjölmiðlum.


**Félagsmátturinn er það vopn sem við höfum. Nú er mikilvægara en nokkru sinni að sýna samstöðu.**

### “Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn!”


Net interest bearing debt  
USD million



Interest bearing debt  
USD million



Equity ratio



\*Gögn úr Q4 kynningu hjá Icelandair Group

Samræmd launastefna SA –  
NEI TAKK  
bls 2

Flugnám 14-16  
milljónir  
bls 3

Von er á víðtækum  
stuðningi!  
bls 4

# Samræmd launastefna SA – NEI TAKK

Stjórnendur hafa fengið ríflegar hækkanir og hluthafar ævintýrlega ávöxtun á síðustu árum

Launaþróun stjórnenda Icelandair Group 2010-2013(m.ISK) <sup>1</sup>					
Laun (m.kr)	2010	2011	2012	2013	% br 10'-13'
Stjórnarformaður ICE Group	3,8	3,8	6,6	8,0	109,2%
Stjórnarmaður ICE Group <sup>4</sup>	-	2,1	4,9	6,0	187,5%
Stjórnarmaður ICE Group	1,9	2,3	5,0	5,9	211,3%
Forstjóri ICE Group	39,1	41,7	42,8	44,2	13,0%
Fjármálastjóri ICE Group	21,3	33,3	35,3	36,6	71,7%
Forstjóri Icelandair	22,9	34,1	35,7	36,7	60,5%
Forstjóri Loftleiða <sup>2</sup>	15,9	22,2	26,3	-	65,2%
Næstráðendur - meðaltal <sup>3</sup>	16,2	20,6	21,7	24,3	50,3%

1 - Gögn skv. ársskýrslum Icelandair Group, skiptigengi á USD/ISK skv. ársskýrslum

3 - Meðaltal stjórnenda (heildarupphæð deilt með fjölda)

2 - Gögn ekki birt fyrir árið 2013, hækkan %br 10'-12'

4 - Kom inn í stjórn 15.sept 2010, hækkan frá 2011-2013

## Aðgerðir í þágu hluthafa?

Þrátt fyrir gríðarlega góða afkomu Icelandair Group undanfarin fjögur ár er enginn vilji hjá stjórnendum að leyfa starfsmönnum þess að njóta velgengninnar með fyrirtækinu. Stjórnendur og eigendur hafa fengið ríflegar

hækkanir en starfsmennirnir ekki. Er þessi stefna gagnvart starfsmönnum, hluthöfum Icelandair Group sæmandi? Félagið er tilbúið að fórna 1500-1700 m.kr. í stað þess að semja. Það getur ekki verið hluthöfum félagsins í hag að fyrirtækinu sé beitt sem stýritæki í sýndarleik SA í stað þess að hámarka eign hluthafa. En hverjir eru helstu eigendur Icelandair Group? Tíu stærstu hluthafar Icelandair Group eiga um 60% af hlutafé félagsins. Af þessum 10 stærstu eiga lífeyrissjóðir 37% af heildarhlutafé. Lífeyrissjóðir eru í raun vörsluadili fyrir framtíðarlífeyri fólksins í landinu.

## Ábyrgðin er stjórnenda!

Sú staðreynd að stjórnendur Icelandair Group séu tilbúnir að fórna fjármunum félagsins gegn starfsmönnum er sláandi. Hagsmuna hverra er forstjóri Icelandair Group að gæta með þessum aðgerðum sínum, hluthafa Icelandair Group eða SA? Formaður SA er greinilega valdameiri en forstjóri Icelandair Group. Hvenær brestur þolinmæði hluthafa gagnvart forstjóra Icelandair Group?

## Forsendur samræmdrar launastefnu SA brostnar

Formenn ASÍ og RSÍ hafa báðir sagt að það þurfi að endurskoða 2,8% samningana í ljósi niðurstöðu kjarasamninga framhaldsskólakennara. Það hlýtur því að skjóta skökku við að SA þverskallist við að halda samræmdu launastefnunni til streitu þegar annar samningsaðilinn hefur sagt að forsendur samningsins séu brostnar.

## Stærðfræðiafingar SA

SA sendi nýverið frá sér fréttatilkynningu þess efnis að hver dagur sem verkfall stendur kosti samfélagið 1 milljarð króna. Fyrirhugaðar aðgerðir FÍA, ef allar ganga eftir, ná til átta daga. Samkvæmt reikniðferð SA er því rökrétt að álykta að aðgerðirnar muni kosta samfélagið 8 milljarða króna. Stærsta einstaka fyrirtækið í ferðaþjónustu á Íslandi, Icelandair Group, hefur hins vegar sent tilkynningu til Kauphallarinnar þess efnis að ef sömu aðgerðir gangi að fullu eftir sé kostnaður félagsins 1,5-1,7 milljarður króna. Þó svo að þetta sé eingöngu kostnaður Icelandair Group er ljóst að mikið ber á milli í reikniðferðum þessara aðila. Hvar liggja þessir 6,3-6,5 milljarðar króna sem SA vilja meina að tapist á þessum stuttu verkföllum?

## Fréttabréf FÍA

### Ritstjórar og ábyrgðarmenn

Örnólfur Jónsson, [orn@fia.is](mailto:orn@fia.is)

Hafsteinn Pálsson, [hap@fia.is](mailto:hap@fia.is)

### Myndir

[airliners.net](http://airliners.net)

Baldur Sveinsson

Mats Wibe Lund - [myndasafn.is](http://myndasafn.is)

Shutterstock

### Útgefandi

Félag Íslenskra  
atvinnuflugmanna

maí 2014

Fréttabréf FÍA er vettvangur félagsmanna og stjórnar til að miðla upplýsingum og fróðleik til flugmanna. Skoðanir einstakra greinarhöfunda endurspeglar ekki endilega opinbera afstöðu FÍA til einstakra málefna.

Öll notkun efnis úr Fréttabréfi FÍA er heimil gegn því að heimilda sé getið.

## Hófsemi ?

Síðasti gildandi kjarasamningur Icelandair Group og FIA var undirritaður 19.júlí 2011. Markmið þess samnings snérist að mestu um að verja störf flugmanna sem höfðu mátt þola ítrekaðar uppsagnir árin á undan. Það er því miður ekki hægt að segja að hófsemi hafi einkennt launaþróun stjórnenda og stjórnarmanna Icelandair Group frá þeim tíma eins og sjá má í töflu í upphafi greinar.

## Ótrúleg ávöxtun hluthafa


Frá því að Icelandair Group jók hlutfé sitt í desember 2010 hefur ávöxtun hluthafa verið með ólíkindum. Í útboðinu var verð á hlut 2,5 kr. Lokagengi félagsins þann 9.maí var 17,2 kr. Hafi aðili keypt 10.000 hluti

<b>Lífeyrissjóður verslunarmanna</b>	<b>14,58%</b>
Stefnir - ÍS 15	10,47%
<b>Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins A-deild</b>	<b>7,40%</b>
Stefnir - ÍS 5	6,10%
<b>Gildi lífeyrissjóður</b>	<b>4,90%</b>
Íslandssjóðir hf.	3,61%
<b>Stafir lífeyrissjóður</b>	<b>3,51%</b>
<b>Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins B.deild</b>	<b>3,41%</b>
Íslandsbanki hf	2,93%
<b>Sameinaði lífeyrissjóðurinn</b>	<b>2,92%</b>
<b>Samtals</b>	<b>59,8%</b>

Heimild: Icelandairgroup.is; Hluthafaskrá 31.mars 2014

í Icelandair Group í desember 2010 á samtals 25.000 krónur fengi hann í dag 172.000 krónur fyrir hlutinn eða **688%** ávöxtun á aðeins þremur og hálfu ári.

Þá eru ekki meðtaldar arðgreiðslur sem félagið hefur greitt til hluthafa en samtals hafa þær numið 0,89 kr á hlut frá því í desember 2010.



Heimild: <http://www.nasdaqomxnordic.com/shares>

## Flugnám – 14-16 milljónir kr.

Flugnám í dag er dýrt. Byrjað er á að taka einkaflugmanns- próf sem hægt er að gera samhliða stúdentsnámi. Eftir að stúdentsnámi lýkur er hægt að fara í atvinnuflugmanns- nám sem tekur um 3 ár með verknámi og er útskrift að því loknu með um 200 flugtíma. Þá þarf 500 flugtíma, fjölhreyflaréttindi og gráðu í fjölahafnasamstarfi (MCC).

**250.000 kr. mánaðarlaun þarf í 20 ár  
– bara til að greiða námið**

Flugnám var að mjög litlu leyti lánshæft hjá LÍN þar sem meginkostnaðurinn felst í verknámi, það breyttist þó árið 2012 en miðað við þá sem sækja um núna hafa þeir flestir

klárað fyrir þann tíma og eru eftirfarandi forsendur fyrir þá. Ef 16 milljónir eru teknar að láni með hefðbundnu jafngreiðsluláni viðskiptabankanna, 9.5% óverðtryggt til 20 ára þá er greiðslubyrði af því um 150.000 kr. Til að fá útborgaða þá uppæð þarf 250 þúsund kr. í heildarlaun til að greiða af náminu. Þá eru eftir nauðsynleg laun til að geta rekið heimili, laun sem þurfa að berast allt árið um kring en ekki nokkra mánuði á ári eins og verið hefur hjá yngri flugmönnum undanfarin ár.

**Ef launaforsendur og atvinnumöguleikar breytast ekki þá borgar sig ekki fyrir ungt fólk að læra flug í dag!**

# Alþjóðasamskipti FÍA

## Von er á víðtækum stuðningi!

FÍA er meðlimur í nokkrum alþjóðlegum samtökum sem öll munu standa með flugmönnum Icelandair í baráttu sinni. Samtökin samanstanda af starfsfólki á flugvöllum um allan heim sem geta brugðist við ef lög eru sett á verkfall flugmanna.

Þau samtök sem FÍA er aðili að eru:  
ECA - Evrópusamband flugmannafélaga.  
IFALPA - Alþjóðasamband flugmannafélaga.  
NTF - Norræna flutninga-verkamannasambandið  
ITF - Alþjóða flutninga-verkamannasambandið.

**IFALPA**  
The Global Voice of Pilots

**ECA**  
European Cockpit Association



The International Federation of Air Line Pilots' Associations  
**IFALPA**  
The Global Voice of Pilots

Reference: IND/15

15IND002  
06 May 2014

To: All Member Associations

Dear Sirs,

### Request for Mutual Assistance by the Icelandic Airline Pilots Association (FIA)

We have been informed by the Icelandic Airline Pilots Association (FIA) that a series of 12 hour strikes by Icelandair pilots will take place beginning 09 May 2014 06:00 UTC until 18:00 UTC and continue 16 May 2014 06:00 UTC until 18:00 UTC; 20 May 2014 06:00 UTC until 18:00 UTC. A forty-eight (48) hour strike to take place on 23 May 2014 06:00 UTC ending at 06:00 on 25 May 2014. Four (4) day strike to begin on 30 May 2014 at 06:00 UTC and ending at 06:00 UTC on 03 June 2014.

This industrial action is aimed at reaching an agreement between Icelandair and FIA. The current CLA between the pilots and Icelandair was valid until 30<sup>th</sup> November 2013. Negotiations have not been successful on the main issue of salary/remuneration.

Therefore, FIA would like to request immediate implementation of the following Mutual Assistance Policies:

- ✓ Request for Ban on Extra Flights and/or Capacity (I Manual, Paragraph 2.4.1.3)
- ✓ Request for Ban on Wet Leasing (I Manual, Paragraph 2.4.1.4)

The Icelandic Airline Pilots Association will keep IFALPA and Member Associations informed of any further developments concerning this dispute.

Thank you for your cooperation.

Kind Regards,

Captain Fanie Coetzee  
Executive Vice-President  
Professional Affairs

**Headquarters**  
485 McGill Street Suite 700  
Montreal Quebec H2Y 2H4  
Tel. + 1 514 419 1191 Fax. + 1 514 419 1195  
email ifalpa@ifalpa.org www.ifalpa.org

Ófangreint bréf er að finna á forsiðu ifalpa.org



ITF House  
40 - 46 Borough Road  
London SE1 3JH  
Telephone: +44 207 409 3733  
Fax: +44 207 317 3876

International Transport Workers' Federation  
Fédération internationale des travailleurs du Transport  
Hakikatlar internationalle des qumars de Transport  
Internatsionala Transportarbeiderforbundet  
Internatsionala Transportarbeiderforbundet  
Международная Организация Транспортных Работников  
القائم عامية النقل من أجل حقوقها

Icelandair Group CEO  
Mr. Björgolfur Johannsson  
Icelandair Group Headquarters,  
Reykjavík Airport  
101 Reykjavík Iceland  
Email: [bubbi@icelandairgroup.is](mailto:bubbi@icelandairgroup.is)

12 May 2014

GM/KU/va

Dear Mr. Björgolfur Johannsson,

### Negotiations between Icelandair and the Icelandic Air Line Pilots Association (FIA)

I am writing to you on behalf of the 4.5 million transport workers in unions affiliated to the International Transport Workers' Federation to express my concern about the current labour situation at Icelandair.

We have been informed by our affiliate union the Icelandic Air Line Pilots Association (FIA), which is on strike since May 9th, due to a refusal of your management to negotiate a satisfactory increase in their pay and allowances and an improvement in their collective guarantees.

An overwhelming majority (98 per cent) of Icelandair pilots voted in favour of taking industrial action when the FIA balloted members on 29 April 2014. This result is a clear expression to the dissatisfaction felt by your workforce.

The FIA and its members believe that your wage offer is derisory, particularly in light of the company's record profits over the last four years. Furthermore, it shouldn't be forgotten that during volcanic ash and economic crisis, Icelandair staff made considerable sacrifices for the airline and kept it afloat.

The pilots' claims are fair and legitimate, and it would be in your best interests to open negotiations with the FIA. Your pilots need to feel confident that they are working as part of a team and that their skills and experience are valued by their employers.

The ITF is a firm supporter of cooperative, well-developed industrial relations structures. On the other hand, the ITF supports its affiliates in improving workers' conditions around the world and there is a strong tradition of solidarity between our unions.



The ITF and its affiliates will therefore watch the situation in Icelandair with keen interest and hope for a swift and amicable solution to this dispute.

We look forward to a prompt response to this matter.

Yours sincerely,

Gabriel Mocho Rodriguez  
Civil Aviation Secretary

cc: Birkir Holm Guðnason, CEO Icelandair  
Guðmundur Pálsson, SVP Icelandair Group